

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um húsfriðun og leikskólastarfsemi á Ægisíðu 102 í Reykjavík

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að leita samninga við lóðarhafa að Ægisíðu 102 með það að markmiði að Reykjavíkurborg leysi til sín lóðina og tilheyrandi fasteignir svo hana megi nýta undir leikskólastarfsemi og tryggja varðveislu hússins samkvæmt ábendingum Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Greinargerð


Lóðin Ægissíða 102 geymir bensínstöð og stórt þvottaplan. Yfirleitt er það ekki í frásögur færandi en svo vill til að þessi tiltekna bensínstöð er bæði fágæt hönnunarperla og staðsett við hliðina á öðrum leikskóla í hverfi þar sem þörf er á verulegri fjölgun leikskólaplássna. Því er kjörið tækifæri fyrir hendi til að hraða fjölgun leikskólaplássna í Vesturbænum og í sömu andrá varðveita perlur íslenskrar byggingarsögu. Sem stendur er lóðin hluti af samkomulagi milli Reykjavíkurborgar og lóðarhafa frá árinu 2021 um fækkun bensínstöðva. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og tilefni hefur þótt til að endurskoða samkomulagið meðal annars út frá niðurstöðu skýrslu Borgarsögusafns um húsakönnun og mat á varðveislugildi 12 bensínafgreiðslustöðva í Reykjavík þar sem bygging bensínstöðvarinnar að Ægisíðu er metin með hátt varðveislugildi. Litið var til þessa sjónarmiðs í seinni viðauka við samkomulagið en ekkert meitlað í stein um varðveislu eða friðun hússins. Í ljósi þess menningar- og byggingarsögulega gildis sem húsið hefur og þess hagræðis sem vænta má af samrekstri við leikskólann Ægisborg er ríkt tilefni til að hefja á ný viðræður við lóðarhafa á grundvelli nýrra forsendna.

Staðan í leikskólamálum í Vesturbænum og stækkunarmöguleikar

Þó Vesturbær Reykjavíkur sé eitt elsta og þéttbyggðasta hverfi borgarinnar er uppbyggingu þar hvergi nærri lokið. Sé miðað við húsnæðisuppbyggingaráætlun Reykjavíkurborgar gætu um 1252 íbúðir bæst við næsta áratug. Þar af má vænta að hægt verði að flytja inn í um 300 nýjar íbúðir fyrir árslok með tilheyrandi fólksfjölgun í hverfinu sé litið til þeirra þéttingarreita þar sem uppbygging er vel á veg komin. Því blasir við að mikil þörf er á að fjölga leikskólaplássum um nokkur hundruð pláss strax á næsta ári til að mæta væntri fjölgun barna í hverfinu ásamt uppsafnaðri þörf. Sé fólksfjölgun vegna flutninga í nýjar íbúðir hverfisins ekki tekin inn í dæmið má mjög varlega áætla að um 50 fleiri börn á leikskólaaldri verði búsett í hverfinu við lok þessa kjörtímabils 2026, sé miðað við spá hagstofunnar um mannfjöldapróun. Mynd 1 sýnir þróunina í

hverfinu í leikskólamállum ásamt spá út frá mannfjöldaspá Hagstofunnar en hún tekur ekki mið af áhrifum fólksflutninga, í kjölfar aukningar í framboði á húsnæði, á fjölda barna í hverfinu.

Þróun framboðs leikskólapláss miðað við fjölda leikskólapláss ásamt spá út árið 2030



Mynd 1. Tölur um fjölda leikskólapláss frá árinu 2011 til 2023 eru sóttar í gagnabanka skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Tölur um mannfjölda eftir hverfum á sama tímabili eru sóttar til Hagstofunnar. Spá yfir fjölda barna á leikskólaaldri frá árinu 2024-2030 er reiknuð út frá mannfjöldaspá Hagstofunnar þar sem miðað er við að núverandi hlutfall barna á leikskólaaldri í Vesturbænum haldist (4,52% af heildarfjölda barna á leikskólaaldri á landinu).

Nú þegar þyrfti 342 pláss til viðbótar til að efna loforð um leikskólapláss við 12 mánaða aldur í hverfinu. Sé miðað við að börn hefji leikskóladvöl tveggja ára þyrfti 133 pláss til viðbótar til að anna núverandi eftirspurn. Í þessu samhengi má nefna að nú eru einungis tvö starfandi dagforeldri í Vesturbænum.

Samkvæmt nýjustu tölum sækja 68 börn leikskólann Ægisborg en hann þekktur fyrir stærri leikskólalóð en gengur og gerist. Líkt og sést á mynd 2 og mynd 3 hér fyrir neðan er lóðin Ægisíða 102 og húsið sem á henni situr nokkurn megin af sömu stærð og lóð Ægisborgar. Ein af þeim bráðaaðgerðum sem ráðist var í til að fjölga leikskólaplássum með hraði var að reisa einingarhús eða svokallaðar Ævintýraborgir þar sem hægt var að koma þeim fyrir. Þéttleiki eldri hverfa þar sem leikskólavandinn er einnig sem mestur hefur hins vegar torvelað leitina að hentugum staðsetningum sem hefur hægt á uppbyggingunni. Þar sem þvottaplanið er núna á lóðinni Ægisíðu 102 væri hægt að koma tveimur til þremur Ævintýraborgum fyrir. Þá gæti skapast leikskólapláss fyrir um 150 börn á þessum eina reit sem myndi skipta sköpum í baráttunni við leikskólavandann í Vesturbænum.



Mynd 2. Skjáskot úr Borgarvefsjá af lóðunum tveimur. Hinn nýji leikskóli gæti samnýtt leikskólalóð Ægisborgar.



Mynd 3. Skjáskot af loftmynd í frétt RÚV. Eins og sést er nægt pláss fyrir tvær til þjár Ævintýraborgir og aðkoma bæði fyrir gangandi og akandi væri mjög góð. Húsið á lóðinni er í laginu eins og Kuðungur sem

er áreiðanlega vísun arkitektanna í nálægðina við hafið sem er rétt handan við hornið og því er mjög stutt í annað gott útisvæði fyrir börnin.

Um Kuðunginn við Ægisíðu

Bensínstöðin var byggð árið 1978 og var hönnuð af einu fremsta arkitektateymi landsins á þeim tíma, mágunum Guðmundi Kr. Kristinssyni og Ferdinand Alfreðssyni. Ofan frá sést vel að bensínstöðin er í laginu eins og kuðungur en hún þykir vera með fallettri dæmum um hinn skandínavíska fúnkisstíl eða móðernisma sem átti sitt gullaldarskeið í íslenskri byggingarlist upp úr miðbiki síðustu aldar og einkennir útlit margra eldri hverfa Reykjavíkur. Líkt og segir í skýrslu Borgarsögusafns Reykjavíkur er Kuðungurinn „einstök og fágæt byggingarlist og ein fárra bensínafgreiðslustöðva með slíka sérstöðu sem varðveittar eru í því sem næst upprunalegri mynd“. Guðmundur Kr. Kristinsson lauk arkitektúrnámi í Sviss árið 1953 og átti eftir að skapa sér sess sem einn forvígismanna íslenskra arkitekta, ásamt hinum arkitektinum Ferdinandi Alfreðssyni sem hóf störf hjá Guðmundi 1968 að loknu námi í Þýskalandi og ráku þeir síðar teiknistofu saman. Í viðtali í Tímanum frá árinu 1957 lýsir Guðmundur nútímastílnum „Húsin eru opnari og frjálssari og reynt að koma íbúum þeirra í nánari tengsl við náttúruna. Nútímataækni opnar arkitektum áður óþekkta möguleika, hægt er að nota meira gler og gera íbúðirnar bjartari og sólríkari“. Fúnkisstíllinn er íslenskun á enska orðinu functionalism og þá situr notagildið í fyrirrúmi en Guðmundur situr áherslu á að „fagurfræðin verður að fá sinn skerf“ í viðtalinu. Í þá daga voru olúfélögin ekki með fastmótuð vörumerki svo bensínstöðvarnar voru óskrifað blað sem hin nýja kynslóð arkitekta nýtti til að skrá höfundareinkenni sitt á spjöld sögunnar. Í skýrslu Borgarsögusafns er útskýrt að byggingarstíll Kuðungsins falli undir það afbrigði fúnkisstílsins sem einkennist af náttúrulegum formum en hann er jafnvel framúrstefnulegri en mörg önnur móðernísk hönnunarhýsi þessa tíma. Því flokkast hann sem byggingarlist í háum gæðaflokki að mati Borgarsögusafns sem leggja eindregið til að Kuðungurinn verði friðaður.